



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Beiðni um breytingu á fyrri samþykkt skóla- og frístundaráðs varðandi rekstrarframlag til Félagsstofnunar stúdenta vegna leikskólans Mánagarðs.

Á 142. fundi skóla og frístundaráðs þann 21. ágúst 2018 var afgreitt erindi frá Félagsstofnun stúdenta vegna beiðni um breytingu rekstrarleyfi og aukið framlag vegna leikskólans Mánagarðs. Samþykkt var að veita rekstrarleyfi vegna 128 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Greiðsla framlags vegna þessara barna var jafnfram samþykkt.

Við afgreiðslu málsins láðist að taka til afgreiðslu beiðni Félagsstofnunar stúdenta, dags. 26. janúar 2017, um að heimil yrði að taka yngri börn í leikskólann. Í framangreindri beiðni kemur fram að eindregið sé óskað eftir að í stækkuðum leikskóla verði börn á blönduðum aldri frá 6/9 mánaða til 6 ára. Með tölvuskeyti, dags. 10. desember 2018, er það skýrt nánar að gert hafi verið ráð fyrir af hálfu rekstraraðilans að 24 pláss yrðu fyrir yngri börn, þ.e. 12 til 18 mánaða.

Kostnaður skóla- og frístundasviðs við þessa breytingu er ekki aukinn, þar sem greitt er lægra framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna barna á aldrinum 12 til 18 mánaða, en barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára.

Skv. eldri samningi skóla- og frístundasviðs þar sem heimilt var að greiða framlag vegna 68 reykvískra barna var ekki greitt húsnæðisframlag þar sem leikskólinn er í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiðir ekki leigu. Þar sem nýbygging skólans gerir ráð fyrir rekstrarleyfi fyrir 60 börnum til viðbótar og þar sem nýbyggingin er í eigu Félagsstofnunar stúdenta þá verða viðbótarúgjöld vegna húsnæðisframlags kr. 22.610.- pr. barngildi pr. mánuð – eða allt að kr. 14.929.200.- á ári. Sú útgjaldaaukning verður fjármögnuð af fjárheimildum sviðsins og ekki er því þörf á aukafjárheimild vegna þessa.

Lagt er til að þessi breyting á framlagi vegna þessara 60 reykvískra barna gildi afturvirktt frá 5. september 2018, en þá var gefið út rekstrarleyfi vegna stækkunar leikskólans auk þess sem aukið framlag til leikskólans var samþykkt þann 30. ágúst 2018.

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Félagsstofnunar stúdenta vegna Mánagarðs verði óbreytt hvað það varðar að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna geti orðið 128 börnum en að gerð verði sú breyting að heimilt sé að greiða framlag vegna 104 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og 24 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða. Jafnframt verði gerð verði sú breyting að greitt verður húsnæðisframlag vegna allt að 60 reykvískra reykvískra barna. Samningarnir gildi frá 1. september 2018. Sviðsstjóra er falið að gera framangreinda samninga á forsendum annars vegar samninga vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og hinsvegar á forsendum samninga vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða.



Reykjavík, 26. janúar 2017

**Skóla- og frístundaráð
b.t. Skúla Helgasonar
Formaður skóla- og frístundaráðs
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík**

Efni: Félagsstofnun stúdenta óskar eftir stækkun og fjölgun dvalarrýma á leikskólanum Mánagarði.

Frá árinu 1996 hefur Félagsstofnun stúdenta (FS) rekið leikskólann Mánagarð á Eggertsgötu 34. Í upphafi sá Reykjavíkurborg um innritun og innheimtu en árið 2010 tók FS alfarið við rekstri skólans.

Frá 2008 hafa allir leikskólar FS starfað samkvæmt bandarísku uppeldisstefnunni Higscope. Það hefur skilað sér í mikilli starfsánægju sem sést best á lítilli starfsmannaveltu, fækkun veikindadaga til muna og hækkuðu faghlutfalli. Faghlutfall Mánagarðs er um 70%.

Hjá Félagsstofnun stúdenta er mikil reynsla og þekking á rekstri leikskóla. Engir aðrir skólar á landinu starfa samkvæmt Higscope stefnunni og hefur mikill metnaður verið lagður í menntun og símenun starfsfólks.

Samkvæmt síðustu þjónustukönnun eru 97% foreldra ánægðir með leikskólann og telja að markvisst sé unnið eftir skólanámskrá.

Félagsstofnun stúdenta hefur hug á að stækka leikskólann Mánagarð um 60 - 70 dvalarrými. Aldursdreyfing barna mun segja til um fjölda. Mikil eftirspurn er eftir plássi á leikskólum stúdenta og biðlistar langir.

Háskólasamfélagið telur um fimmtán þúsund manns og um 1.600 manns búa á Stúdentagörðum, þar á meðal mörg börn. Stór hópur stúdenta og starfsfólks HÍ vill hafa börn sín á leikskóla sem er næst HÍ hvort sem það býr í nágrenninu eða ekki. Viðvarandi skortur er á dagforeldrum í vesturbænum og biðlistar á leikskóla langir.

Þar sem meirihluti foreldra á Mánagarði eru stúdentar var ákveðið að nýta ekki heimild til 15% gjaldhækkunar sem leyfð er samkvæmt samningum. Því er gjaldskráin sú sama og hjá Reykjavíkurborg og verður áfram ef rýmum verður fjölgað.

Eindregið er óskað eftir að í stækkuðum leikskóla verði börn á blönduðum aldri frá 6/9 mánaða til 6 ára. Í ljósi þess að allir leikskólar FS starfa samkvæmt sömu stefnu er mikill faglegur áhugi á að starfa með svo breiðan aldurshóp á einum og sama leikskólanum.

Unnt er að stækka skólann með því að breyta stúdentaíbúðum sem liggja að lóð leikskólans. Það eru u.þ.b. 320 fm eða 8 stúdentaíbúðir ásamt geymslum. Með þeim hætti er hægt að samnýta lóð, eldhús og faglegt stjórnunarteymi á Mánagarði.

Til að hægt sé að hefja framkvæmdir sem fyrst þarf niðurstaða Skóla- og frístundaráðs að liggja fyrir í byrjun apríl 2017, þar sem endurúthlutun og endurnýjun íbúa stúdentagarða fer að mestu fram á sumarmánuðum og gera verður ráð fyrir að flytja þurfi þá íbúa sem eiga rétt á endurúthlutun.

Þá væri hægt að hefja framkvæmdir á haustmánuðum og er gert ráð fyrir að stækkunin verði gerð í tveimur áföngum. Þá má gera ráð fyrir að taka inn um 30 börn í hvorum áfanga.

Ekki er óskað eftir fjárframlagi frá Reykjavíkurborg vegna framkvæmda við nýjan áfanga við leikskólann Mánagarð þar sem fjárhagsleg staða FS er sterk og stofnuninni því fær um að standa straum af öllum framkvæmdakostnaði. Einungis er verið að fara fram á samning um rekstrar- og húsnæðisframlag vegna þeirra viðbótarrýma sem farið er fram á.

Ef óskað er eftir ítarlegri upplýsingum vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst

Sigríður Stephensen
Leikskólafulltrúi FS
sigridur@fs.is

Afrit sent:

- 1 Líf Magneudóttir; fulltrúi Vinstri grænna í stýrihópnum „Brúum bilið“
- 2 Örn Þórðarson; fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stýrihópnum „Brúum bilið“

3. Sigrún Birgisdóttir starfsmaður stýrihópsins „Brúum bilið“



Leikskólar stúdenta

Reykjavík, 10. desember 2018

**Skóla- og frístundasvið
Elísabet Helga Pálmadóttir
Þróunarfulltrúi, Fagskrifstofu leikskólamála**

Efni: Leiðrétting á framlagi til Mánagarðs

Þann 3. september 2018 var gefið út rekstrarleyfi að hálfu Borgarráðs / Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir 128 börnum á leikskólanum Mánagarði, rekinn af Félagsstofnun stúdenta. Gert var ráð fyrir að hálfu rekstraraðila að 24 pláss yrðu fyrir yngri börn þ.e. 12 – 18 mánaða. Ítrekað voru sendir tölvupóstar til sviðsstjóra, fagstjóra og formanns Skóla- og frístundaráðs, þar sem þetta er tekið fram og því aldrei hafnað að hálfu Skóla- og frístundasviðs.

Í beiðni vegna viðauka við fjárhagsáætlun 2017 er ekki hægt að sjá annað en gert sé ráð fyrir greiðslum vegna þessara 24 barna sem um ungbarnasamning væri að ræða.

Fjármagnið er því til staðar en það hefur því miður verið þannig, að frá opnun nýrrar álmu á leikskólanum, höfum við fengið greitt líkt og dagforeldrar með þeim börnum sem eru undir 18 mánaða og óskum við nú eftir að fá rétt framlag með þessu börnum, afturvirkkt frá 3. september 2018.

Virðingarfyllt

Sigríður Stephensen
Leikskólafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta

Gildir frá 1. okt 2018

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla - og frístundasvið

Börn 6/9 mánaða til 36 mánaða

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra, reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund.

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG 1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 6/9 mánaða aldri til 36 mánaða

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri. Greiðslur vegna barna frá 6 mánaða aldri eru háðar sömu skilyrðum og gerð eru til að frá greitt hærra framlag vegna hjúskaparstöðu eða náms.

Rekstrarframlag er greitt með börnum þar til þau verða 36 mánaða.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a) Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknun leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	60.270 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	30.135 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

b) Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 2,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 01.08.2018
Pr. dvalargildi á mánuði	12.815 kr.

*Hækkun á framlagi vegna kjarasamningshækkana starfsfólks í leikskóla.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 63%². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum

¹ Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sæki enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstodarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til

frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %² fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%.

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. sammingsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.³

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	22.620 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	11.310 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekinnna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008. ² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

² Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

³ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS LEIKSKÓLASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2018:

Ungbarnaskólar											
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánu m.v. 8 klst. d'völ	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi - brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn (heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra (sambúð), margfölduð með 2,15	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK	
Stuðull:				0,294%							
M.v. 63% faghlutfall											
6/9 - 23 mánaða	2	8	16	63,00%	12.815	60.270	22.620	287.930	54.253	233.677	
24 - 35 mánaða	1,6	8	12,8	63,00%	12.815	60.270	22.620	246.922	54.253	192.669	

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁴ miðast við árgang og uppfærast í september ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2016 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2018 hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2016.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs www.reykjavik.is/skoliogfristund. Vakin er athygli á að hærra framlag er ekki veitt afturvirk.

V – GJALDSKRÁ UNGBARNALEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG

⁴ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá ungbarnaleikskóla vegna barna undir 36 mánaða aldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 2,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.

Gildir frá 1. okt 2018

Rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið Börn frá 18 mánaða til 6 ára

Skóla- og frístundasvið greiðir sjálfstætt starfandi leikskóla með samning við skóla- og frístundasvið rekstrar- og húsnæðisframlag vegna barna sem dvelja í leikskólanum og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.e. lögheimili barns og föst búseta er í Reykjavík og foreldrar eru ekki í vanskilum við leikskólasvið, sjá nánar 2. gr. í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu.

Einungis er greitt framlag með barni vegna vistunar á einum stað í einu, þ.e. í leikskóla eða hjá dagforeldri, sjá nánar reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra og reglur um leikskólaþjónustu á heimasíðu www.reykjavik.is/skoliogfristund. Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til framlags skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið greiðir með barni á meðan uppsagnarfrestur er í gildi, þó að hámarki í einn mánuð og skal uppsögn miðast við 1. og 15. dag hvers mánaðar.

I – REKSTRARFRAMLAG

1. Rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn frá 18 mánaða aldri og þar til grunnskólaganga hefst við 6 ára aldur.

Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknun leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætlaður rekstrarkostnaður borgarrekkinna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbætti fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekkinna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarreknun leikskóla og að frádreginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.

Heildarkostnaður (án húsaleigu) við hvert barn er tvískiptur, annars vegar kostnaður pr. barn í heilsdagsvistun og hins vegar kostnaður pr. dvalargildi, þ.e. vistunartími margfaldaður með barngildisstuðli. Rekstrarframlag á hvert barn er því reiknað út í tvennu lagi, fjárhæð pr. barn í heilsdagsvistun og fjárhæð pr. dvalargildi. Barn sem dvelur í leikskólanum í 5,5 klst. á dag eða skemur telst vera í hálf dagsvistun, barn sem dvelur í 6 klst. á dag eða lengur í leikskólanum telst vera í heilsdagsvistun. Tvö börn í hálf dagsvistun reiknast sem eitt barn í heilsdagsvistun. Fjöldi dvalargilda fyrir hvert barn fer eftir fjölda dvalarstunda og aldri barns.

a. Rekstrarframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. barn í heilsdagsvistun er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsplássu í borgarreknun leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum heildarkostnaði að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV

Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag pr. barn á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	60.270 kr.
P. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	30.135 kr.

b. Framlag fyrir hvert dvalargildi er reiknað út á eftirfarandi hátt:

Í þann hluta heildarkostnaðar (án húsaleigu) á ársgrundvelli sem er áætlaður pr. dvalargildi er deilt með áætluðum fjölda dvalargilda í borgarreknum leikskólum.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert dvalargildi nemur 1/11 af árlegum styrkgrunni að frádreginni mánaðarlegri hámarksgreiðslu foreldra, þ.e. greiðslu skv. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna leikskóla Reykjavíkur margfölduð með 1,15. Sjá nánar töflu í lið IV Útreikningur á framlagi skóla- og frístundasviðs. Rekstrarframlagið er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum en ekki er greitt í júlí.

Rekstrarframlag á mánuði (í 11 mánuði á ári)	Fjárhæð 1.8.2018
Pr. dvalargildi á mánuði	12.815 kr.

Fjárhæð rekstrarframlags pr. dvalargildi er miðuð við að hlutfall fagmenntaðs starfsfólks¹ í leikskólanum sé 63%². Frávik frá hlutfallinu reiknast til lækkunar eða hækkunar á greiðslum frá skóla- og frístundasviði. Til fagmenntaðs starfsfólks telst það starfsfólk sem rétt ætti á að falla undir nefnda kjarasamninga væri það starfsfólk Reykjavíkurborgar:

¹ Sjálfstætt starfandi leikskóla ber að fylgja 9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla o.fl. nr. 87/2008 sem segir að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Í 17. gr. laga nr. 87/2008 er undanþága frá framangreindu er kveður á um að sækji enginn leikskólakennari um auglýst leikskólakennarastarf, leikskólastjórastarf eða aðstodarleikskólastjórastarf, sbr. 2. mgr. 9. gr., þrátt fyrir endurtekna auglýsingu er heimilt að lausráða í starfið til bráðabirgða, að hámarki til eins árs í senn, einstakling sem ekki er leikskólakennari, sjá nánar í 17. gr. laga nr. 87/2008. ² Þetta hlutfall er endurskoðað í janúar ár hvert, hlutfallið miðast við hlutfall fagfólks í borgarreknum leikskólum skv. fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs hverju sinni.

- Leikskólakennari er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Leikskólaleiðbeinandi A er á kjarasamningi LN og KÍ vegna FL
- Uppeldismenntaður starfsmaður á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
- Þroskaþjálfari á kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Þroskaþjálfafélags Íslands
- Leikskólaliðar, þ.e. starfsmenn sem lokið hafa 72 eininga námi á námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum á kjarasamningi Eflingar.

Ef hlutfallið eykst eða minnkar hækkar/lækkar greiðslan um 0,294 %² fyrir hvert prósentustig sem hlutfall fagfólks hækkar eða lækkar, þó að hámarki uppí 80%

Sjálfstætt starfandi leikskóli skráir upplýsingar um menntun starfsmanna mánaðarlega í upplýsingakerfi skóla- og frístundasviðs. Veiti leikskólinn ekki þær upplýsingar er gengið út frá því við greiðslu framlags að engir starfsmenn séu með fagmenntun.

Fagmenntun allra starfsmanna leikskólans að undanskildu starfsfólki sem sinnir börnum með sérþarfir skv. 7. gr. sammingsins og úthlutaðri nýbúakennslu reiknast til hækkunar eða lækkunar.³

2. Rekstrarframlag fyrir börn yngri en 18 mánaða:

Samningurinn gildir vegna barna 18 mánaða til 6 ára en hefji barn leikskóladvöl áður en það nær 18 mánaða aldri greiðist sama rekstrarframlag og vegna vistunar reykvískra barna hjá dagforeldrum. Sama húsnæðisframlag er greitt og vegna barna 18 mánaða til 6 ára.

Greitt er rekstrarframlag fyrir börn hjóna og sambúðarfólks frá 9 mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá 6 mánaða aldri, til samræmis við núgildandi reglur um niðurgreiðslur til dagforeldra. Fjárhæð framlags er sú sama og niðurgreiðsla vegna barna hjá dagforeldrum. Rekstrarframlag er greitt út mánaðarlega með ellefu greiðslum á ári en ekki er greitt í júlí. Um framlagið gilda sömu reglur og um niðurgreiðslur til dagforeldra.

II – HÚSNÆÐISFRAMLAG

Fjárhæð húsnæðisstyrkja vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er: Árlegt húsnæðisframlag fyrir hvert barn er reiknað út á eftirfarandi hátt:

	Fjárhæð pr. barn á mánuði (styrkur er gr. í 11 mánuði á ári)
Pr. barn á mánuði, fyrir 6 klst. dvöl á dag eða lengur	22.620 kr.
Pr. barn á mánuði, fyrir 5,5 klst. dvöl á dag eða skemmri	11.310 kr.
Leikskólar sem eru í húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar og greiða ekki leigu fyrir afnot þess.	0 kr.

² Prósentuhlutfall á lækkun/hækkun greiðslu er endurskoðað í janúar ár hvert.

³ Skilgreining á því hvaða stöðugildi teljast til hækkunar eða lækkunar framlags vegna faghlutfalls er í endurskoðun vegna leikskóla Reykjavíkurborgar og mun breytingin hafa sömu áhrif á framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla.

Í áætlaðan húsaleigukostnað allra borgarrekkinna leikskóla á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil er deilt með áætluðum fjölda heilsdagsbarna í leikskólum borgarinnar. Mánaðarlegur húsnæðisstyrkur fyrir hvert barn nemur 1/11 af árlegum húsnæðisstyrk, ekki er greitt í júlímánuði.

Hluti af húsaleigukostnaðinum sem liggur til grundvallar húsnæðisframlaginu er vegna fasteignaskatta og því geta leikskólar sem fá greitt húsnæðisframlag ekki sótt um sérstaka lækkun á fasteignasköttum umfram það.

III – LOKUN LEIKSKÓLA OG STARFSDAGAR

Gert er ráð fyrir að öll börn taki sumarleyfi í 4 vikur og að leikskólanum sé heimilt að loka vegna skipulagsdaga í 6 daga á ári, sem er sami dagafjöldi og hjá borgarreknum leikskólum, án þess að rekstrar- og húsnæðisframlag skerðist.

IV – ÚTREIKNINGUR FRAMLAGS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Dæmi um útreikning á framlagi SFS með börnum sem eru í sjálfstætt starfandi leikskóla m.v. framlag 2018:

Eldri barna skólar										
Aldur barns	Barngildisstuðull	Keyptur dvalartími (dæmi)	Fjöldi dvalargildi pr. barn á mánuði m.v. 8 klst. dvöl	Faghlutfall	Rekstrarframlag á mánuði - pr. dvalargildi brúttó	Rekstrarframlag á mánuði - pr. barn heilsdags) á mánuði - brúttó	Húsnæðisframlag á mánuði - pr. barn heilsdags) á mánuði - 100% framlag	Samtals rekstrar- og húsnæðisframlag pr. mánuð - brúttó	Gjaldskrá (námsgjald og fæðisgjald) foreldra sambúð, margfölduð með 1,	Rekstrar- og húsnæðisframlag pr. barn á mánuði (m.v. 8 klst. vistun) sem SFS greiðir til SSSK
Stuðull:				0,294%						
M.v. 63% faghlutfall										
6/9 - 17 mánaða	Dagf.gr.	8				55.072	22.620	77.692		77.692
18 - 23 mánaða	2	8	16	63,00%	12.815	60.270	22.620	287.930	29.019	258.911
2 ára	1,6	8	12,8	63,00%	12.815	60.270	22.620	246.922	29.019	217.903
3 ára	1,3	8	10,4	63,00%	12.815	60.270	22.620	216.166	29.019	187.147
4 ára	1	8	8	63,00%	12.815	60.270	22.620	185.410	29.019	156.391
5 og 6 ára	0,8	8	6,4	63,00%	12.815	60.270	22.620	164.906	29.019	135.887

Til viðbótar fær leikskólinn greitt fjármagn til sérkennslu og nýbúakennslu. Auk þess sem leikskólinn getur nýtt sér ráðgjöf frá starfsfólki í þjónustumiðstöðvum

Barngildisstuðull⁴ miðast við árgang og uppfærast í júlí ár hvert, þ.e. barn sem fætt er á árinu 2016 reiknast sem tveggja ára frá 1. september 2018, hvort sem það er fætt í janúar eða desember 2015.

⁴ Barngildisstuðull er skilgreindur með sama hætti og gert var í reglugerð 225/1995 um starfsumhverfi leikskóla sem nú hefur verið felld úr gildi. Ef stuðlinum eða þeim tíma sem hann uppfærast ár hvert, verður breytt gagnvart börnum í borgarreknum leikskólum verður samsvarandi breyting gerð gagnvart framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Hærra framlag vegna systkina, námsmanna, öryrkja og einstæðra foreldra fer eftir sömu reglum og í gildi eru fyrir börn í leikskólum Reykjavíkurborgar, sjá nánari upplýsingar í reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólaþjónustu á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is/skoliogfristund.

V – GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA SEM FÁ REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAG FRÁ SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐI

Gjaldskrá leikskólans vegna barna, 18 mánaða og eldri, sem skóla- og frístundasvið greiðir rekstrar- og húsnæðisframlag með, má aldrei vera hærri en sem nemur gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna náms og fæðis barna í leikskólum Reykjavíkur, margfölduð með 1,15.

VI – UPPSÖGN Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til að fella niður greiðslu á rekstrar- og húsnæðisframlagi séu greiðsluskilyrði ekki uppfyllt.

VII – BREYTINGAR Á REKSTRAR- OG HÚSNÆÐISFRAMLAGI

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrar- og húsnæðisframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri.